

**Fundargerð 28. fundar  
bæjarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
24. júlí 2019 , kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Laufey Erlendsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Einar Jón Pálsson, Daði Bergþórsson og Magnús Stefánsson.

**Fundargerð ritaði: Magnús Stefánsson, bæjarstjóri.**

**1. Bæjarráð formaður - 1907062**

*Vegna fjarveru kjörins formanns og varaformanns bæjarráðs er samþykkt að Laufey Erlendsdóttir varamaður formanns fari með umboð formanns bæjarráðs á þessum 28. fundi.*

**2. Hjallastefnan - uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs - 1902024**

Minnisblað frá fjármálastjóra.

*Með breytingum á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997, lögum nr. 127/2016 sem einnig náðu til lífeyrissjóðsins Brúar, náðist að samræma lífeyrskerfi allra landsmanna. Ríkissjóður tók á sig um þriðjung skuldbindinga sveitarfélaga í LSR gegn því skilyrði að sveitarfélögin gerðu upp skuldbindingar sínar gagnvart A-deild Brúar. Það hafa sveitarfélögin gert. Við breytingu á lögum um opinberu lífeyrissjóðina láðist að taka fram með ótvíræðum hætti hvernig gera skyldi upp skuldbindingar sjálfstætt starfandi aðila þegar starfsmenn þeirra ættu aðild að opinberum lífeyrissjóðum á grunni kjarasamninga.*

*Í samkomulagi milli fjármála-og efnahagsráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Brúar lífeyrissjóðs, samhliða lagabreytingunni, skuldbatt ríkissjóður sig til að greiða án lagaskyldu framlag til A-deildar Brúar vegna skuldbindinga aðila, þ.m.t. sveitarfélaga, vegna verkefna sem að meirihluta eru fjármögnuð af ríkissjóði með samningum og ríki ber að sinna.*

*Á sama hátt, án ótvíræðrar lagaskyldu, fellst Suðurnesjabær á að greiða til Brúar lífeyrissjóðs áfallnar lífeyrisskuldbindingar í Jafnvæggissjóð og Varúðarsjóð vegna Hjallastefnunnar á grunni þjónustusamnings Hjallastefnunnar við Suðurnesjabæ samtals kr. 4.108.055.*

*Bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun vegna málsins.*

*Samþykkt samhljóða.*

**3. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025**

- a) Viðauki 9 - heiðursborgari.
- b) Viðauki 10 - Gerðaskóli.

*Viðaukar 9 og 10 samþykktir samhljóða.*

**4. Samráðsfundur um ráðstöfun 5,3% aflaheimilda - 1907041**

Erindi frá Sambandi ísl sveitarfélaga vegna samráðsfundar þann 15. ágúst 2019.  
*Lagt fram til kynningar. Fulltrúar sveitarfélagsins mæta á fundin.*

**5. Styrkir almennt - 2019 - 1901049**

Margrét Guðrún Svavarsdóttir- ósk um styrk vegna Golden Girl Training camp.  
*Samþykkt samhljóða að hafna umsókninni, enda samræmist hún ekki viðmiðum sem unnið er eftir við úthlutun styrkja.*

**6. Skagabraut 17 - 1812049**

Erindi dags. 10.07.2019, ósk um stuðning vegna fasteignagjalda.  
*Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að gera samning við umsækjanda um stuðning og aðgengi að einkasafni hans að Skagabraut 17.*

**7. Framkvæmda- og skipulagsráð - 12 - 1907001F**

Fundur 09.07.2019.

*Fundargerðin lögð fram.*

7.1 1901048 - Deiliskipulag á Keflavíkurfluvelli - öryggissvæði

Ráðið gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi öryggissvæðis.

7.2 1806201 - Deiliskipulag: Iðngarðar: Endurskoðun

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

7.3 1907005 - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 - skipulagslýsing til umsagnar

Ráðið gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

7.4 1905050 - Hólshús - flytja tank á lóð og breyta í geymslu

Samþykkt að fela byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi og hafa samráð við lóðarhafa um frágang á nánasta umhverfi.

7.5 1905068 - Sjónarhóll 1 - umsókn um lóð

Samþykkt

7.6 1905093 - Nátthagi 4 - umsókn um lóð

Samþykkt

7.7 1906030 - Skagabraut 53 - umsókn um lóð

Samþykkt

7.8 1902074 - Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019

Staða framkvæmda í sveitarfélaginu kynnt.

Fundi slitið kl. 15:45.

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Einar Jón Pálsson

---

Daði Bergþórsson

---

---